

Stjórnarfundur FKA #7

Starfsár: 2025-2026

Staður: Hannesarholt

Dagsetning: 10.12.2025

Tími: 12.00 – 12.45

Mættar: Ingibjörg Salomé Sigurðardóttir (ISS), Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir (GHJ), Rósa Viggósdóttir (RV), Þórey Hafliðadóttir (PH), Margrét Hannesdóttir (MH), Þuríður Aradóttir Braun (ÞAB), Andrea Róbertsdóttir framkvæmdastjóri FKA (AR)

Forföll: Jasmina Vajzovic (JV)

1 – Skýrsla framkvæmdastjóra (AR)

AR fer yfir helstu verkefni sem unnin hafa verið á skrifstofu frá síðasta stjórnarfund. Að venju eru þau fjölþætt og snerta margvísleg málefni.

Upplýsir að ferlar og tengingar milli bókhalds og heimasíðu séu farnir að virka vel, sem hafi létt verulega á störfum skrifstofu. Sem dæmi má nefna að þegar félagskona segir sig úr félaginu þá fellur hún nú sjálfkrafa út af heimasíðu og greiðslulista.

Á nýju ári munu AR og RV hafa samband við þær konur sem eiga eftir að greiða félagsgjaldið.

Blue Lagoon Skincare verður vel sýnilegt á næsta Sýnileikadegi. Nokkrar tillögur liggja þegar fyrir og munu nefndin og BLS fara yfir þær í sameiningu.

Viðræður við Íslandsbanka hafa átt sér stað. Bankinn hefur staðið vel við bakið á FKA og átt náið samstarf með okkur. Ein af hugmyndum að samstarfi snýr að stuðningi við rannsóknir á sviði nýsköpunar kvenna.

2 – Viðurkenningarhátíð (ÞAB)

Nefndin vinnur að lokavali viðurkenningarhafa. Samstarf dómnefndar gengur vel og unnið er ótúllega að því að vanda vel valið. Stjórn FKA kemur ekki að vali kvennanna eins og áður og treystir valnefnd til verka. Dómnefnd kemur til með að tilkynna endanlega niðurstöðu til framkvæmdastjóra sem vinnur verkefnið áfram fram að Viðurkenningarhátíðinni í janúar.

Búið er að bóka Grand hótél fyrir viðburðinn. Rædd var nánari útfærsla og skipulag dagsins.

3 – KVENN (PH)

Búið er að funda með Elinóru og fara yfir málin. PH og GHJ fengu svör við hinum ýmsu vangaveltum. Lagt var til að hún fengi með sér tvær konur í nefnd/vinnuhóp sem kæmi til með að vinna að næstu skrefum. Markmiðið er að búa til úrræði sem raunverulega styðji við konur í þeim verkefnum og nýsköpun sem fyrir eru.

Stefnan er sett á að klára ferlið fyrir næstu stjórnarkosningar vorið 2026. Safna þarf saman nauðsynlegum upplýsingum, greina þörfina og tryggja að úrræðið eigi við konur um allt land. Sjá má nánar um þennan lið í fyrri fundargerðum stjórnar.

Unnið verður áfram að verkefninu með nýsköpunarnefnd með það að leiðarljósi að það hafi raunverulegan tilgang fyrir hag kvenna og tækifæri í nýsköpun fyrir þær.

4 – Bókhaldið og tilboð (MH, AR)

Búið er að skrifa undir þriggja ára samning við Mundakot, sem sendi inn hagstæðasta tilboðið fyrir félagið. Stjórn lýsir ánægju með samstarfið og nýjan samning og hlakkar til áframhaldandi góðrar samvinnu.

5 – Fulltrúaráð staðan (ISS, AR)

Fundur með öllum fulltrúum deilda og nefnda verður haldinn þann 12. janúar nk. Formaður metur að allar deildir séu tilbúnar til áframhaldandi samtals og góðs samstarfs.

6 – Sjálfbærni (GHJ, ÞH)

Sjálfbærnihópurinn hefur haldið fund frá síðasta stjórnarfundi, sjá síðustu fundargerð. Fundurinn var góður og margt spennandi er í undirbúningi, m.a. Hringrásardagur í byrjun árs 2026 og ráðstefna á vormánuðum.

Áframhaldandi vinna fer fram af hálfu hópsins og tengiliðum stjórnar.

7 – Önnur mál

- **Kanadíska sendiráðið (ISS)**

Lagt er til að þau leggi jafnvel til styrk fyrir einhvern ákveðinn viðburð eða verkefni. Til að mynda eru fyrirtæki í eigu FKA kvenna sem eiga viðskipti við Kanada ásamt öðrum tækifærum innan félagsins.

Fyrir næsta fund með þeim telst nauðsynlegt að tilbúnar verði hugmyndir til að tryggja árangursríkt samstarf.

ISS tekur málið áfram og tengir viðeigandi aðila við sendiráðið.

- **Ráðstefna um ofbeldi (ISS, JC)**

Verður haldin í mars 2026 fyrir landsbyggðina alla með misjöfnum áherslum.

Haldnir hafa verið tveir undirbúningsfundir og vinnuhópur sem JC sótti.

ISS og JC taka málið áfram fyrir hönd stjórnar.

- **Sýnileikanefnd 2026 (RV)**

Opnað var fyrir umsóknir í næstu Sýnileikadagsnefnd þann 28. nóvember sl. Umsóknarfrestur var ein vika. Margar og mjög svo góðar umsóknir bárust, sem sýnir enn og aftur þann frábæra vilja og góðu stemningu sem ríkir í starfinu.

Lokaniðurstaða valnefndar varð að tíu konur fengu sæti í nefndinni, þar á meðal ein frá landsbyggðinni, sem telst ánægjulegt. Allar konur verða látnar vita í vikunni um niðurstöður, og þeim sem ekki komust í nefndina að þessu sinni verða sendar kærar þakkir.

Fyrsti fundur nýrrar nefndar er áætlaður fyrir hátíðir í húsnæði Arion banka.

RV mun halda áfram að sinna verkefninu sem fulltrúi stjórnar í Sýnileikadagsnefnd.

- **Alþjóðanefnd (AR)**

Nefndin hefur áhuga á að vera með góðgerðarbröns á veitingastaðnum Hjá Jóni í mars 2026. Stjórn hvetur nefndina til að ákveða útfærsluatriðin í kringum viðburðinn sbr. hvernig greiðslum verður háttað ásamt öðrum praktískum hlutum.

AR tekur málið áfram með Alþjóðanefnd.

Fundi slitið 12.50.

Fundinn ritar Rósa Viggósdóttir ritari.